REGLUR

um almenna skoðun ökutækja.

1. gr.

Ökutæki skráð hér á landi skal færa til almennrar skoðunar samkvæmt því sem segir í reglum þessum, þannig að ganga megi úr skugga um hvort þau séu í lögmæltu ástandi.

2. gr.

Eftirtalin ökutæki skal skoða árlega almennri skoðun, frá og með næsta ári eftir skráningu.

a. Bifreiðir til annarra nota en fólksflutninga.
b. Bifreiðir, er flytja mega 8 farþega eða fleiri.
c. Leigubifreiðir til mannflutninga.
d. Bifreiðir, sem ætlaðar eru til leigu í atvinnuskyni án ökumanns.
e. Kennslubifreiðir.
f. Lögreglu-, sjúkra- og björgunarbifreiðir.
g. Létt bifhjól.
h. Tengi- og festivagna, sem eru meira en 1500 kg að leyfðri heildarþyngd.

3. gr.

Aðrar bifreiðir en greinir í 2. gr., svo og bifhjól, skal skoða árlega almennri skoðun frá og með þriðja ári eftir að bifreiðin eða bifhjólið var skráð nýtt fyrsta sinni.

4. gr.

Lögreglustjóri ákveður hvenær ökutæki, sem skráð eru í umdæmi hans, skuli færð til almennrar skoðunar samkvæmt reglum þessum, og er eiganda (umráðamanni) þá skylt að færa ökutækið til skoðunar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 18. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 98 22. maí 1970 um skráningu og skoðun léttra bifhjóla svo og orðið „ársfjórðungslega“ í 1. málsl. 3. gr. reglna nr. 127 25. júlí 1960 um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1983.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 56, nr. 787—805. Útgáfudagur 30. desember 1983.